


**Varðar: Arnarnesvegur – uppfærsla framkvæmdaleyfis, áfangi X6**

Lagt fram bréf Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar, dags. 15. apríl 2024, þar sem óskað er eftir uppfærslu framkvæmdaleyfis fyrir Arnarnesveg m.t.t. breytinga á hönnun og nýrra skipulagsmarka. Einnig er lögð fram afstöðumynd, dags. 24. febrúar 2024, yfirlitsmynd framkvæmdar, dags. 7. mars 2024, snið jarðvegsmana dags. 7. mars 2024 og yfirlitsmynd veghelgunarsvæðis dags. 7. mars 2024. Eingöngu er um að ræða breytingu á staðsetningu göngustígs innan þess áfanga sem skilgreindur er sem X6 í gögnum framkvæmdaleyfisins. Breytingin felur í sér að umræddur áfangi nær yfir minna framkvæmdasvæði en þau hönnunargögn sem fylgja útgefnu framkvæmdaleyfi. Annað er óbreytt. Ekki er talin þörf á útgáfu nýrra afnotaleyfa fyrir umrætt svæði.



Hluti aðalskipulags Reykjavíkur 2040.



Hluti gildandi deiliskipulags.

**Skipulagsleg staða**Aðalskipulag

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulagi er svæðið staðsett á tveimur skilgreindum svæðum í ofanverðum Elliðaárdal, þ.e. opnu svæði (OP4) og íbúðarbyggð (ÍB40).

Deiliskipulag


Í gildi er sameiginlegt deiliskipulag Reykjavíkurborgar og Kópavogsbæjar fyrir Arnarnesveg dags. samþ. í Borgarráði Reykjavíkur 7. júlí 2022 og í Bæjarstjórn Kópavogsbæjar 14. júní 2022.

**Lýsing á uppfærslu**

Um er að ræða breytingu á staðsetningu og legu stofnstígs gangandi og hjólandi innan þess áfanga sem skilgreindur er sem X6 í gögnum framkvæmdaleyfisins. Breytingin felur í sér að umræddur áfangi nær yfir minna framkvæmdasvæði en þau hönnunargögn sem fylgja útgefnu framkvæmdaleyfi. Stofnstígurinn færir til suðurs, nær rampi Arnarnesvegar og að sama skapi minnkar umfang manar. Annað í útgefnu framkvæmdaleyfi helst óbreytt.

## Umsögn

Erindið varðar minniháttar uppfærslu á framkvæmdarleyfi, útg. dags. 7. desember 2022 en hönnunargögn voru í ósamræmi við gildandi deiliskipulag Arnarnesvegjar. Lega stofnstígs gangandi og hjólandi var í hönnunargögnum sýnd norðar á svæðinu og því utan deiliskipulagsmarka Arnarnesvegjar.



Yfirlitsmynd framkvæmda. Uppfært.

Umfang í útgefnu framkvæmdaleyfi.

Uppfærsla þessi á framkvæmdinni miðar að því að samræma hönnunargögn og gildandi deiliskipulag m.t.t. legu stofnstígs gangandi og hjólandi. Hún er því í samræmi við gildandi deiliskipulag Arnarnesvegjar. Að öðru leyti er vísað í skilmála, lagastoð, grundvöllun m.t.t. gagna og nánari lýsingu á framkvæmd í útgefnu framkvæmdarleyfi.

## Niðurstaða

Ekki er lagst gegn þeirri uppfærslu á útgefnu framkvæmdarleyfi dags. 7. desember 2022 sem óskað er eftir. Hún er í samræmi við gildandi deiliskipulag Arnarnesvegjar.

## f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Þórður Már Sigfússon, skipulagsfræðingur SFFÍ og verkefnastjóri skipulagsfulltrúa.